

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 28. júlí 2003

2006/EES/30/14

um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 2626)

(2003/564/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE⁽²⁾, einkum 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Um tengslin milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum, eins og þær eru skilgreindar í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE (hér á eftir nefndar skrifstofurnar), og skrifstofanna í Tékklandi, Ungverjalandi, Noregi, Slóvakíu og Sviss, giltu samningar, til viðbótar samræmda samningnum um tilhögun á notkun græna kortsins, milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga frá 2. nóvember 1951 (hér á eftir nefndir viðbótarsamningarnir). Í þessum viðbótarsamningum er kveðið á um hagkvæmar leiðir til að fella niður tryggingaefirlit með ökutækjum sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæðum einhverra þessara landa.
- 2) Framkvæmdastjórnin samþykkti síðar ákvarðanir þar sem hverju aðildarríki var gert skylt, í samræmi við tilskipun 72/166/EBE, að láta vera að hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu ökutækja, sem að öllu jöfnu eru staðsett í öðru aðildarríki eða á yfirráðasvæðum fyrrnefndra landa utan Bandalagsins sem heyra undir viðbótarsamningana.

- 3) Landsskrifstofur bifreiðatrygginga hafa endurskoðað og sameinað texta viðbótarsamninganna og látið einn samning koma í þeirra stað (marghliða ábyrgðarsamningurinn) sem var undirritaður í Madrid 15. mars 1991 í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 72/166/EBE. Þessi marghliða ábyrgðarsamningur fylgir með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/323/EBE⁽³⁾.

- 4) Framkvæmdastjórnin samþykkti síðar ákvarðanir 93/43/EBE⁽⁴⁾, 97/828/EB⁽⁵⁾, 99/103/EB⁽⁶⁾ og 2001/160/EB⁽⁷⁾ þar sem hverju aðildarríki var gert skylt, í samræmi við tilskipun 72/166/EBE, að láta vera að hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu ökutækja, sem að öllu jöfnu eru staðsett í öðru aðildarríki eða á yfirráðasvæðum Íslands, Slóveníu, Króatíu eða Kýpur.

- 5) Samningurinn milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkjum var gerður 30. maí 2002 í Rethymno (Krít) í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 72/166/EBE. Í fyrsta viðbæti við þann samning eru öll ákvæði samræmda samningsins milli skrifstofanna og ákvæði marghliða ábyrgðarsamningsins felld saman í eitt skjal (innri reglugerðirnar). Þessar innri reglugerðir koma í stað hinna tveggja síðarnefndu samninga frá 1. ágúst 2003.

- 6) Því ber að fella ákvarðanir 91/323/EBE, 93/43/EBE, 97/828/EB, 99/103/EB og 2001/160/EB úr gildi frá 1. ágúst 2003.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 22.4.2004, bls. 11.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 177, 5.7.1991, bls. 25.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 16, 25.1.1993, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 343, 13.12.1997, bls. 25.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 33, 6.2.1999, bls. 25.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 57, 27.2.2001, bls. 56.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Frá og með 1. ágúst 2003 skal hvert aðildarríki fyrir sig láta vera að hafa eftirlit með ábyrgðartryggingum ökutækja, sem að öllu jöfnu eru staðsett í öðru aðildarríki eða á yfirráðasvæði Tékklands, Króatíu, Kýpur, Ungverjalands, Íslands, Noregs, Slóvakíu, Slóveníu og Sviss, sem falla undir samninginn frá 30. maí 2002 milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkum, sem fylgir sem viðbætur í viðauka þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Því ber að fella ákvarðanir 91/323/EBE, 93/43/EBE, 97/828/EB, 99/103/EB og 2001/160/EB úr gildi frá 1. ágúst 2003,

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til framkvæmdar þessari ákvörðun.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VIÐBÆTIR

Samningur milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkjum

INNGANGSORÐ

Með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 (fyrsta tilskipun um ökutækjatryggingar) þar sem kveðið er á um að landsskrifstofur bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum skuli gera samning sín á milli um að hver landsskrifstofa bifreiðatrygginga fyrir sig ábyrgist tjónsuppgjör, samkvæmt ákvæðum laga þess aðildarríkis um lögboðna ábyrgðartryggingu, vegna tjóna sem verða á yfirráðasvæði þess af völdum ökutækja, tryggðra sem ótryggðra, sem eru að öllu jöfnu staðsett á yfirráðasvæði annars aðildarríkis,

með hliðsjón af því að í fyrirnefndri tilskipun er kveðið á um að fara skuli með ökutæki, sem að öllu jöfnu eru staðsett í þriðja landi, á sama hátt og ökutæki sem að öllu jöfnu eru staðsett innan Bandalagsins þegar landsskrifstofur bifreiðatrygginga í öllum aðildarríkjunum ábyrgjast hver fyrir sig tjónsuppgjör, samkvæmt ákvæðum landslaga sinna um lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja, vegna slysa á yfirráðasvæði þeirra af völdum slíkra ökutækja,

með hliðsjón af því að landsskrifstofur bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og landsskrifstofur bifreiðatrygginga í öðrum ríkjum hafa, með beitingu þessara ákvæða, gert með sér allmarga samninga sem miða að því að fullnægja ákvæðum tilskipunarinnar og að þessar skrifstofur hafa síðar ákveðið að láta einn samning, sem nefnist hinn marghliða ábyrgðarsamningur milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga, sem var undirritaður í Madrid 15. mars 1991, koma í stað þeirra,

með hliðsjón af því að ráð landsskrifstofanna ákvað á aðalfundi, sem haldinn var í Rethymno (Krit) 30. maí 2002, að fella öll ákvæði samræmda samningsins milli landsskrifstofanna og ákvæði marghliða ábyrgðarsamningsins milli landsskrifstofanna, sem gilda um tengslin milli skrifstofanna, saman í eitt skjal sem nefnist innri reglugerðirnar,

hafa undirritaðar skrifstofur gert með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Í ljósi gagnkvæmra tengsla sinna skuldbinda undirritaðar skrifstofur sig til að virða, eftir atvikum, lögmælt ákvæði sem og valákvæðin í II. og III. þætti innri reglugerðanna, sem ráð landsskrifstofanna samþykkti 30. maí 2002, en eintak af þeim fylgir sem 1. viðbætur við þennan samning.

2. gr.

Undirritaðar skrifstofur veita öðrum undirritunarskrifstofum gagnkvæma heimild, í eigin nafni og nafni félagsaðila sinna, til þess að annast sáttagerð um uppgjör tjóna og til að samþykkja hvers kyns meðferð dómstóla, sem og utan dómstóla, sem kann að leiða til bótagerðs vegna slysa, innan ramma og í samræmi við markmið þessara innri reglugerða.

3. gr.

Skuldbindingin, sem um getur í 1. gr., öðlast gildi 1. júlí 2003 og kemur þá í stað samræmda samnings milli skrifstofanna og marghliða ábyrgðarsamningsins milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga sem eru, að svo stöddu, bindandi fyrir undirritunaraðila þessa samnings.

4. gr.

Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma. Þó er hverri undirritunarskrifstofu heimilt að segja þessum samningi upp með skriflegri tilkynningu um þá ákvörðun til aðalframkvæmdastjóra ráðs landsskrifstofanna og skal hann þegar í stað tilkynna það hinum undirritunarskrifstofunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Slík samningsuppsögn öðlast gildi 12 mánuðum eftir að tilkynning þar að lútandi hefur verið send. Viðkomandi samningsskrifstofa ber, samkvæmt þessum samningi og viðaukum við hann, áfram ábyrgð á að fullnægja öllum bótakröfum í tengslum við tjónsuppgjör vegna slysa sem verða allt til loka áðurnefnds tímabils.

5. gr.

Þessi samningur er gerður milli eftirtalinnna undirritunarskrifstofa, fyrir þau yfirráðasvæði sem hver þeirra ber ábyrgð á, í þremur eintökum á ensku og á frönsku.

Eitt eintak á hvoru tungumáli er geymt hjá skrifstofu ráðs landsskrifstofanna, aðalskrifstofu Sambands evrópskra tryggingafélaga (Comité Européen des Assurances) og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Aðalframkvæmdastjóri ráðs landsskrifstofanna mun sjá hverri undirritunarskrifstofu fyrir löggiltu eintaki af þessum samningi.

Undirritað í Rethymno (Krit) 30. maí 2002.

Austurríki, fyrir Verband der Versicherungsunternehmen Österreichs: Günter Albrecht, framkvæmdastjóri og stjórnandi

Belgía, fyrir Bureau Belge des Assureurs Automobiles: Alain Pire, stjórnandi og aðalframkvæmdastjóri

Swiss (og Liechtenstein), fyrir Swiss National Bureau of Insurance: Martin Metzler, formaður

Kýpur, fyrir Motor Insurers' Fund: Aristos Pissiris, formaður og Andreas Charalambides, stjórnandi/framkvæmdastjóri

Tékkland, fyrir Česká Kancelár Pojistitelu: Jakub Hradec, aðalframkvæmdastjóri

Þýskaland, fyrir Deutsches Büro Grüne Karte e.V.: Ulf Lemor, framkvæmdastjóri

Danmörk (og Færeyjar), fyrir Dansk Forening for International Motorkøretøjsforsikring: Steen Leth Jeppesen, framkvæmdastjóri

Spánn, fyrir Oficina Española de Aseguradores de Automóviles: José Ignacio Lillo Cebrián, formaður

Frakkland, fyrir Bureau Central Français: Alain Bouchon, formaður

Finland, fyrir Liikennevakuutuskeskus: Olli Latola, stjórnarformaður og Ulla Niku-Koskinen, framkvæmdastjóri

Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Bresku Ermarsundseyjar, Gíbraltar og Mön, fyrir Motor Insurers' Bureau: James Read, aðalframkvæmdastjóri

Grikkland, fyrir Motor Insurer's Bureau: Michael Psalidas, formaður og George Tzanis, aðalframkvæmdastjóri

Ungverjaland, fyrir Hungarian Motor Insurance Bureau: István Ragályi, framkvæmdastjóri

Króatía, fyrir Hrvatski Ured Za Osiguranje: Ante Lui, aðalframkvæmdastjóri

Ítalía (og lýðveldið San Marínó og Páfagarður), fyrir Ufficio Centrale Italiano (UCI): Raffaele Pellino, formaður

Írland, fyrir Motor Insurers' Fund: Michael Halligan, aðalframkvæmdastjóri

Ísland, fyrir Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi: Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri

Lúxemborg, fyrir Bureau Luxembourgeois des Assureurs: Paul Hammelmann, aðalframkvæmdastjóri

Noregur, fyrir Trafikkforsikringsforeningen: Jan Gunnar Knudsen, framkvæmdastjóri

Holland, fyrir Nederlands Bureau de Motorrijtuigverzekeraar: Frank Robertson, formaður

Portúgal, fyrir Gabinete Português de Carta Verde GPCV: Maria José Mesquita, varaformaður og Antonio Lourenço, Vogel

Svíþjóð, fyrir Trafíkförsakringsföreningen: Ulf Blomgren, framkvæmdastjóri

Slóvakía, fyrir Slovenská kancelária poisťovateľov: Imrich Fekete, formaður og Lydia Blaeková, aðalframkvæmdastjóri

Slóvenía, fyrir Slovensko Zavarovalno Zdrueje, GIZ: Tjasa Korbar, forstöðumaður Green Card Bureau (fyrir hönd Mirko Kalua, forstjóra)

I.VIÐBÆTIR

INNRI REGLUGERDIR RÁDS LANDSSKRIFSTOFANNA

Inngangsorð

- 1) Þar eð vinnuhópur um flutninga á vegum, í innanlandsflutningsnefnd efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sendi árið 1949 ríkisstjórnnum aðildarríkjanna tilmæli ⁽¹⁾ um að þær færu þess á leit við váttryggjendur, sem önnuðust ábyrgðartryggingar vegna notkunar ökutækja, að þeir gerðu með sér samninga um að koma á samræmdum og hagkvæmum reglum sem tryggðu öikumönnum fullnægjandi vernd þegar þeir færu til annarra landa þar sem slík ábyrgðartrygging væri lögboðin.
- 2) Þar eð þessi tilmæli gerðu ráð fyrir að besta leiðin til þess að ná þessu markmiði væri að taka upp samræmt váttryggingarskjal og kveða á um grundvallarreglur samninga milli váttryggjenda í hinum ýmsum löndum.
- 3) Þar eð samningurinn milli skrifstofanna, en texti hans var samþykktur í nóvember 1951 af fulltrúum váttryggjenda í ríkjum sem á þeim tíma höfðu brugðist vel við tilmælunum, var lagður til grundvallar fyrir tengslunum milli þessara váttryggjenda.
- 4) Þar eð:
 - a) markmið tilhögunarinnar, sem almennt er þekkt sem tilhögunin um græna kortið, var að auðvelda umferð vélknúinna ökutækja milli landa með því að láta ábyrgðartryggingu vegna notkunar þeirra samsvara settum skilyrðum í landinu sem farið væri um og að tryggja bætur til tjónþola í samræmi við gildandi lög og reglugerðir í því landi ef slys bæri að höndum,
 - b) alþjóðlega tryggingarskrteinið fyrir ökutæki (græna kortið), sem er opinberlega viðurkennt af yfirvöldum þeirra ríkja sem samþykkt hafa tilmæli Sameinuðu þjóðanna, er sönnun þess í hverju landi sem farið er um að vélknúna ökutækið sem þar er lýst sé með lögboðna ábyrgðartryggingu,
 - c) í hverju þátttökuríki hefur landsskrifstofu verið komið á fót og hún opinberlega viðurkennd í því skyni að ábyrgjast:
 - gagnvart stjórnvöldum sínum, að erlendi váttryggjandinn muni hlíta gildandi lögum í því landi og greiða tjónþola bætur í samræmi við þau og
 - gagnvart skrifstofunni í landinu sem farið er um, að váttryggjandinn, sem er aðili að henni og annaðist ábyrgðartryggingu vegna notkunar ökutækisins sem hlut á að slysinu, standi við skuldbindingar sínar,
 - d) þessu tvöfalda ágóðalausla umbóði fylgir að hver skrifstofa verður að hafa sína eigin sjálfstæðu fjármagnsskipan, sem byggist á sameiginlegri skuldbindingu váttryggjenda sem hafa heimild til að annast viðskipti með lögboðnar ábyrgðartryggingar vegna notkunar ökutækja á heimamarkaði hennar, sem gerir henni kleift að standa við skuldbindingar sem leiðir af samningum hennar við aðrar skrifstofur.
- 5) Þar eð:
 - a) sum ríki hafa felld niður eftirlit með græna kortinu á landamærum til að auðvelda enn frekar umferð á vegum milli landa í krafti gagnkvæmra samninga milli skrifstofanna sem grundvallast aðallega á ökutækjaskráningu,
 - b) með tilskipun frá 24. apríl 1972 ⁽²⁾ lagði ráð Evrópusambandsins til við skrifstofur aðildarríkjanna að slíkur samningur yrði gerður, þá nefndur „viðbótarsamningurinn milli skrifstofanna“, sem var undirritaður 16. október 1972,
 - c) síðari samningar, sem grundvölluðust á sömu meginreglum, gerðu skrifstofum annarra landa kleift að gerast aðilar að þessum samningum sem síðan var steypt saman í eitt skjal sem var undirritað 15. mars 1991 undir heitinu „marghliða ábyrgðarsamningurinn“.
- 6) Þar eð nú er æskilegt að sameina öll ákvæði um tengslin milli skrifstofanna í eitt skjal samþykktu ráð landsskrifstofanna á aðalfundi sínum í Rethymno (Krit) 30. maí 2002 þessar innri reglugerðir.

⁽¹⁾ Í stað tilmæla nr. 5., sem samþykkt voru í janúar 1949, kom 2. viðbætur við sameinaða ályktun um auðveldun flutninga á vegum sem samþykkt var af vinnuhópi um flutninga á vegum, í innanlandsflutningsnefnd efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, en texta hans er að finna í I. viðbæti.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð, en texta hennar er að finna í II. viðbæti.

I. ÞÁTTUR

ALMENNAR REGLUR (LÖGBODIN ÁKVÆÐI)

1. gr.

Markmið

Markmið þessara innri reglugerða er að kveða á um gagnkvæm tengsl milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga og þar með framfylgja ákvæðum tilmæla nr. 5, sem samþykkt voru 25. janúar 1949 af vinnuhópi um flutninga á vegum í innanlandsflutningsnefnd efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, en í stað þeirra kom 2. viðauki við sameinaða ályktun um einföldun á formsatriðum vegna flutninga á vegum (RE4) sem vinnuhópurinn samþykkti á 74. fundi sínum 25. til 29. júní 1984 í núverandi gerð (hér á eftir nefnd tilmæli nr. 5).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessum innri reglugerðum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda eingöngu svo sem hér segir:

1. „landsskrifstofa bifreiðatrygginga“ (hér á eftir nefnd skrifstofa): fagfélag sem á aðild að ráði landsskrifstofanna og stofnað er í landinu þar sem það hefur staðfestu samkvæmt tilmælum nr. 5,
2. „vátryggjandi“: hvert það fyrirtæki sem hefur heimild til að annast lögboðnar ábyrgðartryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja,
3. „aðili“: allir vátryggjendur sem eiga aðild að skrifstofu,
4. „fulltrúi“: vátryggjandi eða annar aðili sem tilnefndur er af einum eða fleiri vátryggjendum með samþykki skrifstofunnar í landinu þar sem sá aðili hefur staðfestu í því skyni að meðhöndla kröfur og annast tjónsuppgjör vegna slysa sem verða í því landi og tengjast ökutækjum sem viðkomandi vátryggjandi eða vátryggjendur hafa gefið út vátryggingarskírteini fyrir,
5. „ökutæki“: vélknúð ökutæki til aksturs á landi, sem ekki rennur á spori, eða eftirvagn, tengdur sem ótengdur, sem er háð lögboðinni ábyrgðartryggingu í landinu þar sem það er notað,
6. „slys“: hvert það atvik er veldur tjóni eða áverka og sem fellur undir lögboðna ábyrgðartryggingu vegna notkunar ökutækis samkvæmt lögum þess ríkis,
7. „tjónþoli“: hver sá sem á rétt á bótum vegna tjóns eða áverka af völdum ökutækis,
8. „krafa“: bótakrafa eða bótakröfur tjónþola sem rekja má til sama slyss,
9. „vátryggingarskírteini“: lögboðinn vátryggingarsamningur sem aðili gefur út til að standa undir ábyrgðum vegna notkunar ökutækis,
10. „vátryggður“: hver sá sem er með ábyrgðartryggingu samkvæmt vátryggingarskírteini,
11. „grænt kort“: alþjóðlegt ökutækjavátryggingarskírteini sem samsvarar fyrirmyndunum sem ráð landsskrifstofanna hefur samþykkt,
12. „ráð landsskrifstofa“: sú stofnun sem allar skrifstofurnar verða að tilheyra og sem ber ábyrgð á stjórnun og starfsemi hins alþjóðlega fyrirkomulags á ábyrgðartryggingum ökutækja (þekkt undir heitinu græna kortið).

3. gr.

Meðhöndlun krafna

1. Jafnskjótt og landsskrifstofa fær vitneskju um slys sem verður á yfirráðasvæði þess lands þar sem hún er ábyrg og þar sem í hlut á ökutæki frá öðru landi skal hún, án þess að biða eftir formlegri kröfu, hefjast handa við að rannsaka aðstæður á staðnum þar sem slysið varð. Hún skal eins fljótt og auðið er tilkynna vátryggjandanum, sem gaf út græna kortið eða vátryggingarskírteinið, um slíkt slys eða, ef við á, viðkomandi landsskrifstofu. Láti skrifstofan hjá líða að aðhafast í málinu skal hún ekki átalín fyrir það.

Ef skrifstofan kemst að því við rannsókn málsins hver vátryggði ökutækið sem hlut á að slysinu og að fulltrúi þessa vátryggjanda hefur verið samþykktur í samræmi við ákvæði 4. gr. skal hún þegar í stað senda fulltrúanum þessar upplýsingar svo hann geti notað þær við meðferð málsins.

2. Þegar skrifstofunni berst krafa í tengslum við slys við þær aðstæður sem lýst er hér að framan skal hún þegar í stað senda fulltrúanum hana, svo fremi að fulltrúi váttryggjanda hafi verið samþykktur, svo að hægt sé að meðhöndla hana og gera hana upp í samræmi við ákvæði 4. gr. Ef enginn samþykktur fulltrúi er fyrir hendi skal skrifstofan þegar í stað tilkynna váttryggjandanum sem gaf út græna kortið eða váttryggingarskírteinið eða, ef við á, viðkomandi skrifstofu um að hún hafi mótttekið kröfu og muni meðhöndla hana eða sjá til þess að umboðsmaður sem hún jafnframt nafngreindir meðhöndli hana.

3. Skrifstofan hefur heimild til að annast sáttagerð um uppgjör tjóna eða samþykkja hvers kyns meðferð dómstóla, eða meðferð utan dómstóla, sem kann að leiða til bótagreiðslna.

4. Skrifstofan, sem ein er til þess bær, skal fara með allar kröfur í samræmi við gildandi lög og reglugerðir í því landi þar sem slys á sér stað og varða bótaábyrgð, bótagreiðslur til tjónþola og lögboðnar váttryggingar með hagsmuni váttryggjandans sem gaf út græna skírteinið eða váttrygginguna að leiðarljósi eða, ef við á, viðkomandi landsskrifstofu.

Skrifstofan skal í öllum málum vera ein til þess bær að túlka gildandi lög í landinu þar sem slys á sér stað (einnig þegar vísað er í lög annars lands) og til að annast tjónsuppgjör. Með fyrirvara um síðasta ákvæði skal skrifstofan, sé farið fram á það sérstaklega, upplýsa váttryggjanda eða viðkomandi skrifstofu áður en hún tekur lokaákvörðun.

5. Ef fyrirhuguð bótafjárhæð er hærrí en hámarksupphæðin sem kveðið er á um í lögboðnum ábyrgðartryggingum fyrir vélknúin ökutæki í landinu þar sem slys á sér stað, á gildistíma váttryggingarskírteinis, skal hún ráðfæra sig við váttryggjanda um þann hluta kröfunnar sem fer yfir þessa hámarksupphæð. Samþykki slíks váttryggjanda þarf ekki að liggja fyrir ef gildandi lög skuldbinda skrifstofuna til að taka tillit til fjárhæða samkvæmt samningsbundnum ábyrgðum sem eru hærrí en kveðið er á um í lögum um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúins ökutækis í landinu þar sem slys á sér stað.

6. Skrifstofu er óheimilt að eigin frumkvæði og án skriflegs samþykkis viðkomandi váttryggjanda eða skrifstofu að fela slíka kröfu umboðsskrifstofu sem, vegna samningsskuldbindinga, hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Ef hún hins vegar gerir það án slíks samþykkis skal bótaréttur takmarkast við helming þeirrar fjárhæðar sem annars hefði fengist greidd.

4. gr.

Fulltrúar

1. Með fyrirvara um bindandi samninga við aðrar skrifstofur um hið gagnstæða og/eða innlend lagaákvæði skal sérhver skrifstofa ákveða með hvaða skilyrðum hún veitir, synjar um eða afturkallar samþykki fyrir fulltrúa með staðfestu í því landi sem hún er ábyrg fyrir.

Þó skal þetta samþykki veitt sjálfkrafa þegar þess er óskað í nafni félagsaðila annarrar skrifstofu fyrir einhverja stofnun sína í landi skrifstofunnar sem fær beiðnina, svo fremi þessi stofnun hafi heimild til að annast ábyrgðartryggingar vegna notkunar ökutækja.

2. Þegar skrifstofum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins berst slík beiðni eru þær skuldbundnar til að samþykkja sem fulltrúa í landi sínu tjónsuppgjörfulltrúa sem váttryggjendur hinna aðildarríkjanna hafa þegar tilnefnt samkvæmt tilskipun 2000/26/EB. Þetta samþykki er ekki hægt að afturkalla svo fremi sem viðkomandi fulltrúi starfi sem tjónsuppgjörfulltrúi samkvæmt fyrrnefndri tilskipun nema hann hafi algerlega vanrækt skyldur sína samkvæmt þessari grein.

3. Eingöngu skrifstofu er heimilt, að beiðni eins félagsaðila síns, að senda annarri skrifstofu beiðni um samþykki fyrir fulltrúa með staðfestu í landi þeirrar skrifstofu. Þessa beiðni skal senda um bréfasíma eða með tölvupósti ásamt sönnun um að fyrirhugaður fulltrúi fallist á umbeðið samþykki.

Viðkomandi skrifstofa skal veita eða synja um samþykki innan þriggja mánaða frá móttöku beiðninnar og tilkynna skrifstofunni, sem sendi beiðnina, og viðkomandi fulltrúa um ákvörðun sína og gildistöku dag hennar. Hafi ekkert svar borist telst samþykki hafa verið veitt og hafa öðlast gildi í lok þessa tímabils.

4. Fulltrúanum ber að meðhöndla allar kröfur í samræmi við gildandi lög og reglur í landinu þar sem slys á sér stað sem varða ábyrgð, bætur til tjónþola og lögboðnar ökutækjatrýggingar, í nafni skrifstofunnar sem samþykkti hann og fyrir hönd váttryggjandans sem fór fram á samþykki fyrir hann, í kjölfar slysa sem verða í því landi og tengjast ökutækjum sem tryggð eru hjá váttryggjandanum sem fór fram á að hann yrði samþykktur.

Ef fyrirhuguð bótafjárhæð er hærrí en hámarksupphæðin sem kveðið er á um í lögboðnum ábyrgðartryggingum fyrir vélknúin ökutæki í landinu þar sem slys á sér stað, á gildistíma váttryggingarskírteinis, verður fulltrúinn að hlíta ákvæðunum sem kveðið er á um í 5. mgr. 3. gr.

5. Skrifstofan sem hefur veitt samþykki sitt fyrir fulltrúa viðurkennir að hann einn geti farið með kröfur og annast tjónsuppgjör í nafni skrifstofunnar og fyrir hönd váttryggjandans sem fór fram á að hann yrði samþykktur. Skrifstofan skal tilkynna tjónþolum um þessa heimild og senda fulltrúanum allar tilkynningar varðandi slíkar kröfur. Þó er henni hvenær sem er heimilt og án þess að þurfa að gera grein fyrir ákvörðun sinni að leysa fulltrúa af hólmi við kröfumeðferð og tjónsuppgjör.

6. Ef skrifstofan sem veitti samþykkið er einhverra hluta vegna beðin um að greiða tjónþola bætur í stað fulltrúans skal skrifstofan, sem sendi beiðnina, endurgreiða henni bæturnar milliliðalaust samkvæmt skilmálum 5. gr.

7. Með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. 4. gr. er fulltrúa frjálst að semja við váttryggjandann, sem fór fram á samþykki fyrir hann, um skilmála fyrir endurgreiðslu á fjárhæðum til tjónþola og aðferðir við útreikning á umboðslaunum, en slíkur samningur skal ekki vera framfylgjanlegur gagnvart neinni skrifstofu.

Ef fulltrúi fær ekki endurgreiðslu á fyrirframgreiðslum, sem hann hefur annast í samræmi við skilyrði 4. mgr. 4. gr. fyrir hönd váttryggjandans sem fór fram á samþykki fyrir hann, skal skrifstofan sem samþykkti hann endurgreiða honum. Skrifstofan sem viðkomandi váttryggjandi á aðild að skal síðan endurgreiða síðarnefndu skrifstofunni í samræmi við skilmála 5. gr.

8. Þegar skrifstofu er tilkynnt um að einn félagsaðili hennar hafi ákveðið að segja upp fulltrúa skal hún þegar í stað tilkynna það skrifstofunni sem veitti samþykkið. Þessari síðarnefndu skrifstofu er frjálst að ákvarða dagsetninguna þegar samþykki hennar fellur úr gildi.

Þegar skrifstofan sem veitti fulltrúa samþykki ákveður að afturkalla það eða fær upplýsingar um að fulltrúinn óski eftir afturköllun á samþykkinu skal hún þegar í stað tilkynna það skrifstofunni sem lagði fram beiðni um að fulltrúinn yrði samþykktur. Hún skal enn fremur upplýsa skrifstofuna um hvenær afturköllun á samþykki fyrir fulltrúanum öðlast gildi eða hvenær það fellur úr gildi.

5. gr.

Endurgreiðsluskilmálar

1. Þegar skrifstofa, eða umboðsaðilinn sem hún hefur tilnefnt í því skyni, hefur gert upp allar kröfur vegna sama slyss skal hún, innan eins árs frá síðustu greiðslu til tjónþola, senda endurgreiðslubeiðni, með símbréfi eða um tölvupóst, til þess aðila skrifstofunnar sem gaf út græna kortið eða váttryggingarskírteinið eða, ef við á, til viðkomandi skrifstofu þar sem eftirfarandi er tilgreint:

1.1. fjárhæðir greiddar tjónþola í formi bóta annaðhvort með samkomulagi eða samkvæmt dómsúrskurði,

1.2. útlagðar fjárhæðir fyrir utanaðkomandi þjónustu við meðferð og uppgjör hvernar kröfu og allur kostnaður sem sérstaklega fellur til vegna málaferla sem við svipaðar aðstæður hefðu átt að greiðast af váttryggjanda með staðfestu í landinu þar sem slysið varð,

1.3. umboðslaun til að greiða allan annan kostnað reiknuð út samkvæmt reglum sem samþykktar hafa verið af ráði landsskrifstofanna.

Þegar kröfur vegna sama slyss eru varðar og gerðar upp án þess að nokkrar bætur fáiast greiddar er heimilt að fara fram á fjárhæðir sem um getur í lið 1.2 hér að framan og lágmarksumboðslaun sem ráð landsskrifstofa ákveður í samræmi við lið 1.3..

2. Í beiðni um endurgreiðslu skal taka fram að útistandandi fjárhæðir skuli greiða í innlendum gjaldmiðli og í heimalandi viðtakanda, honum að kostnaðarlausu, innan tveggja mánaða frá þeim degi að farið var fram á endurgreiðslu og að þeim tíma liðnum skuli 12% ársdráttarvextir bætast sjálfkrafa á útistandandi fjárhæð, reiknað frá þeim degi þegar beiðnin barst til þess dags þegar banki viðtakanda fær greiðsluna.

Í beiðni um endurgreiðslu er einnig heimilt að taka fram að greiða megi upphæðir, sem gefnar eru upp í innlendum gjaldmiðli, í evrum á opinberu gengi í landi uppgjörsskrifstofunnar á þeim degi þegar beiðnin er lögð fram.

3. Beiðnir um endurgreiðslu mega ekki undir neinum kringumstæðum taka til sekta, trygginga eða annarra fjársekta sem lagðar eru á hinn váttryggða og sem falla ekki undir ábyrgðartryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja í landinu þar sem slys á sér stað.

4. Fylgiskjöl, þ.m.t. hlutlæg sönnun um að tjónþola hafi verið greiddar tilskildar bætur, skulu, sé þess krafist, send þegar í stað án þess að það leiði til dráttar á endurgreiðslunni.

5. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu allra fjárhæða sem um getur í liðum 1.1 og 1.2 hér að framan í samræmi við skilmálana sem kveðið er á um í þessari grein þrátt fyrir að skrifstofan hafi e.t.v. ekki gert upp allar kröfur vegna sama slyss. Einnig er hægt að krefjast umboðslaunanna, sem kveðið er á um í lið 1.3 hér að framan, ef höfuðstóll endurgreiðslunnar er hærrí en fjárhæðin sem fastsett var af ráði landsskrifstofanna.

6. Ef krafa er tekin fyrir aftur eða nýjar kröfur lagðar fram vegna sama slyss eftir að endurgreiðslan hefur farið fram reiknast hugsanlegar eftirstöðvar af umboðslauninum í samræmi við þau ákvæði sem voru í gildi þegar krafan um endurgreiðslu varðandi endurupptöku málsins eða nýju kröfurnar voru settar fram.

7. Hafi engar bótakröfur verið lagðar fram í kjölfar slyss er óheimilt að krefjast umboðslauna.

6. gr.

Ábyrgðarskylda

1. Hver skrifstofa skal ábyrgjast að aðilar að henni uppfylli endurgreiðslukröfur í samræmi við ákvæði 5. gr. sem lagðar eru fram af skrifstofunni í landinu þar sem slysið varð eða af umboðsaðilanum sem hún hefur tilnefnt í því skyni.

Hafi aðili ekki greitt umbeðna fjárhæð innan tveggja mánaða, eins og tilgreint er í 5. gr., skal skrifstofan sem hann á aðild að annast endurgreiðsluna í samræmi við skilmálana sem þar er lýst, að fenginni ábyrgðarbeiðni frá skrifstofunni í landinu þar sem slysið varð eða umboðsaðilanum sem hún hefur tilnefnt í því skyni.

Skrifstofan sem kemur fram sem ábyrgðaraðili skal annast greiðsluna innan eins mánaðar. Að þeim tíma liðnum bætast 12% ársdráttarvextir sjálfkrafa við útistandandi fjárhæð, reiknað frá þeim degi þegar ábyrgðarbeiðnin barst til þess dags þegar banki viðtakanda fær greiðsluna.

Ábyrgðarbeiðnin skal lögð fram með símbréfi eða tölvupósti innan 12 mánaða frá sendingu endurgreiðslukröfunnar skv. 5. gr. Að þeim tíma liðnum og með fyrirvara um hugsanlega ábyrgð hennar á dráttarvöxtum þarf skrifstofan, sem kemur fram sem ábyrgðaraðili, aðeins að greiða þá upphæð sem krafist er af aðila hennar að viðbættum 12 mánaða vöxtum sem miðast við 12% ársvexti.

Ábyrgðarbeiðnir, sem lagðar eru fram meira en tveimur árum eftir að endurgreiðslukrafan er send, teljast ekki tækar.

2. Hver skrifstofa ábyrgist að aðilar að henni leiðbeini fulltrúum sínum, sem þeir hafa beðið um að yrðu samþykktir til að annast tjónsuppgjör í samræmi við ákvæði fyrsta málsliðar 4. mgr. 4. gr. hér að framan, og komi öllum gögnum um þær kröfur, sem þeim hefur verið falið að annast, á framfæri við þessa fulltrúa sína eða skrifstofuna í því landi þar sem slys verður.

II. ÞÁTTUR

SÉRÁKVÆÐI UM SAMNINGSBUNDIN TENGL MILLI SKRIFSTOFANNA SEM BYGGJAST Á GRÆNA KORTINU (VALFRJÁLS ÁKVÆÐI)

Ákvæði þessa þáttar gilda þegar samningsbundin tengsl milli skrifstofa grundvallast á græna kortinu.

7. gr.

Útgáfa grænu kortanna

1. Hver skrifstofa ber ábyrgð á prentun grænna korta eða heimilar félagsaðilum sínum að prenta þau.

2. Hver skrifstofa veitir aðilum sínum heimild til að gefa græn kort út til þeirra sem þeir váttryggja en eingöngu fyrir ökutæki í landinu þar sem hún er ábyrg.

3. Skrifstofa getur heimilað öllum þeim sem eru aðilar að henni að gefa græna kortið út til þeirra sem þeir váttryggja í öllum löndum þar sem engin skrifstofa er fyrir hendi að því tilskildu að aðilinn hafi staðfestu í því landi. Þetta valákvæði takmarkast við ökutæki sem skráð eru í viðkomandi landi.

4. Öll græn kort teljast gild í að minnsta kosti 15 daga frá útgáfudegi þeirra. Ef græna kortið er gefið út fyrir styttri tíma skal skrifstofan sem heimilaði útgáfu á því tryggja skrifstofunum í þeim löndum þar sem skírteinið er í gildi váttryggingarvernd í 15 daga frá gildistökudegi þess.

5. Ef samningi, sem tvær skrifstofur gera sín á milli, er sagt upp skv. 5. lið 3. mgr. 16. gr. falla öll græn kort, sem gefin eru út í þeirra nafni til notkunar á yfirráðasvæðum þeirra, úr gildi jafnskjótt og uppsögn þeirra öðlast gildi.

6. Ef samningi er sagt upp eða hann fellur tímabundið úr gildi í krafti 6. liðar 3. mgr. 16. gr. skal ráð landsskrifstofanna ákveða hversu lengi grænu kortin, sem gefin eru út í nafni viðkomandi skrifstofu til notkunar á yfirráðasvæðum þeirra, skuli enn gilda.

8. gr.

Staðfesting á gildi græns korts

Öllum beiðnum um staðfestingu á gildi tilgreinds græns korts, sem sendar eru með símbréfi eða tölvupósti til skrifstofu af skrifstofu í landinu þar sem slysið varð eða umboðsaðila sem tilnefndur hefur verið í því skyni, skal svarað endanlega innan þriggja mánaða frá því að beiðnin var lögð fram. Hafi ekkert svar borist að þeim tíma liðnum telst græna kortið gilt.

9. gr.

Fölsuð græn kort eða kort sem gefin hafa verið út án leyfis eða breytt á ólögmetan hátt

Öll græn kort, sem sýnd eru í landinu þar sem þau gilda og sem ætla má að gefin séu út samkvæmt heimild frá skrifstofu, skulu vera á ábyrgð þeirrar skrifstofu jafnvel þótt þau séu fölsuð, gefin út í leyfisleysi eða þeim breytt á ólögmetan hátt.

Þó gildir ábyrgð skrifstofunnar ekki ef grænt kort tengist ökutæki sem er ólöglega skráð í landi hennar, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í 3. mgr. 7. gr.

III. ÞÁTTUR

SÉRSTAKAR REGLUR UM SAMNINGSBUNDIN TENGL MILLI SKRIFSTOFA SEM GRUNDVALLAST Á VIÐTEKINNI VÁTRYGGINGAVERND (VALÁKVÆÐI)

Ákvæði þessa þáttar gilda þegar tengsl skrifstofanna grundvallast á viðtekinni vátryggingavernd með tilteknum undantekningum.

10. gr.

Skuldbindingar skrifstofanna

Skrifstofurnar, sem ákvæði þessa þáttar gilda um, skulu, með fullkomlega gagnkvæmum hætti, ábyrgjast endurgreiðslur á öllum gjaldföllum kostnaði samkvæmt þessum reglugerðum sem til fellur í kjölfar slyss þar sem í hlut á ökutæki sem að öllu jöfnu er staðsett á yfirráðasvæði ríkisins þar sem hver þessara skrifstofa er ábyrg, hvort sem ökutækini eru vátryggð eða ekki.

11. gr.

Hugtakið „að öllu jöfnu staðsett“

1. Yfirráðasvæði ríkisins þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett er skilgreint út frá einhverju eftirfarandi viðmiða:
 - 1.1. Yfirráðasvæði ríkisins sem skráningarkerki ökutækisins er frá.
 - 1.2. Yfirráðasvæði ríkisins þar sem vátryggingarkerki eða auðkenniskerki er gefið út, þegar svo háttar til að tiltekin tegund ökutækja er ekki skráningarskyld heldur er ökutækið með vátryggingarkerki eða annað kerki til aðgreiningar sem er sambærilegt skráningarkerki.
 - 1.3. Yfirráðasvæði þar sem umráðamaður ökutækis hefur fast aðsetur, þegar svo háttar til að hvorki er farið fram á skráningarkerki né vátryggingarkerki eða auðkenniskerki fyrir ákveðnar tegundir ökutækja.
2. Þegar svo háttar til að ökutæki, sem á að vera með skráningarkerki er ekki með neitt kerki eða útgefin kerki fyrir það eru ekki lengur lögmæt, lendir í slysi skal yfirráðasvæðið þar sem slysið átti sér stað teljast vera yfirráðasvæðið þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett vegna uppgjörs allra krafna í kjölfar þess.

12. gr.

Undanþágur

Ákvæði þessa þáttar gilda ekki um:

1. ökutæki sem skráð eru í öðru landi en því þar sem skrifstofurnar eru, með fyrirvara um ákvæði þessa þáttar, og sem aðili að einhverri þessara skrifstofa hefur gefið út græna kortið fyrir. Ef slys verður þar sem í hlut á ökutæki sem grænt kort hefur verið gefið út fyrir skal viðkomandi skrifstofa aðhafast í samræmi við reglurnar sem settar eru í II. þætti,
2. ökutæki sem tilheyra ákveðnum aðilum ef ríkið þar sem þau eru skrásett hefur tilnefnt yfirvald eða stofnun í öðrum ríkjum sem ábyrgjast bótagreiðslur til tjónþola í samræmi við gildandi skilmála í landinu þar sem slysið varð,
3. tilteknar tegundir ökutækja eða tiltekin ökutæki með sérstöku skráningarkerki þegar lög landanna sem þau fara til skilyrða notkun þeirra í ferðum milli landa við gilt grænt kort eða landamæravátryggingaskirteini.

Hvert ríki skal gera skrá yfir ökutæki sem um getur í 2. og 3. mgr. sem og skrá yfir yfirvöld eða stofnanir sem eru tilnefndar í öðrum ríkjum og skal skrifstofa þess ríkis koma henni á framfæri við ráð landsskrifstofanna.

13. gr.

Staðfesting á yfirráðasvæði þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett

Öllum beiðnum um staðfestingu á yfirráðasvæði þar sem ökutæki er að öllu jöfnu staðsett, sem sendar eru með símbréfi eða tölvupósti til skrifstofu af skrifstofunni í landinu þar sem slysið verður eða umboðsaðila sem tilnefndur er í því skyni, skal svarað innan þriggja mánaða frá því að beiðnin barst. Berist ekkert svar að þeim tíma liðnum telst það staðfesting á að ökutækið sé að öllu jöfnu staðsett á yfirráðasvæði þeirrar skrifstofu.

14. gr.

Gildistími ábyrgðarinnar

Skrifstofum er heimilt að takmarka gildistíma ábyrgðarinnar sem þeir framlengja skv. 10. gr. vegna:

1. ökutækja með bráðabirgðaskráningarkerki með sniði sem áður hefur verið tilkynnt ráði landsskrifstofanna. Í slíkum tilvikum gildir ábyrgðin áfram í 12 mánuði eftir að gildistíminn, sem fram kemur á merkinu, rennur út,
2. allra ökutækja sem falla undir skilmála gagnkvæmra samninga sem gerðir eru við aðrar skrifstofur og tilkynntir eru til ráðs landsskrifstofanna.

15. gr.

Einhliða beiting ábyrgða sem grundvallast á viðtekinni váttryggingarvernd

Skrifstofum er heimilt að samþykka einhliða beitingu þessa þáttar innan ramma tvíhliða tengsla sinna ef ekki er kveðið á um annað í lögum.

IV. ÞÁTTUR

REGLUR UM SAMNINGA SEM GERÐIR ERU MILLI LANDSSKRIFSTOFA BIFREIÐATRYGGINGA (LÖGBOÐIN ÁKVÆÐI)

16. gr.

Tvíhliða samningar - skilmálar

1. Skrifstofunum er heimilt að gera tvíhliða samninga sín á milli þar sem þær skuldbinda sig innan ramma gagnkvæmra tengsla sinna að hlíta lögboðnum ákvæðum þessara innri reglugerða sem og valákvæðunum sem þar eru tilgreind.
2. Samningsskrifstofurnar skulu undirrita slíka samninga í þríriti og skal hver þeirra halda eftir einu eintaki. Þriðja eintakið skal sent ráði skrifstofanna sem skal að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila tilkynna þeim gildistökudag samninga þeirra.
3. Slíkir samningar skulu fela í sér ákvæði þar sem eftirfarandi kemur fram:
 - 3.1. Heiti samningsskrifstofa, ásamt tilgreiningu á aðild þeirra að ráði landsskrifstofanna, og yferráðsæviðin sem hver þeirra ber ábyrgð á.
 - 3.2. Að þær skuldbindi sig til að hlíta lögboðnum ákvæðum þessara innri reglugerða.
 - 3.3. Að þær skuldbindi sig til að hlíta valfrjálsum ákvæðum sem valin voru og samþykkt með gagnkvæmum hætti.
 - 3.4. Gagnkvæmar heimildir sem þessar skrifstofur hafa veitt í eigin nafni og fyrir hönd aðila sinna til þess að annast sáttagerð um tjónsuppgjör eða samþykka hvers kyns meðferð dómstóla, sem og utan dómstóla, sem kann að leiða til bótagreiðslna vegna slysa í samræmi við gildissvið og markmið þessara innri reglugerða.
 - 3.5. Ótakmarkaður gildistími samningsins með fyrirvara um rétt hvernar samningsskrifstofu að segja honum upp með 12 mánaða fyrirvara sem er þegar í stað tilkynnt hinum aðilanum og ráði landsskrifstofanna.
 - 3.6. Sjálfkrafa uppsögn eða tímabundin niðurfelling samningsins ef samningsskrifstofan hættir aðild að ráði landsskrifstofanna eða segir aðild sinni upp tímabundið.
4. Fyrirmynd að þessum samningi fylgir með (III. viðauki).

17. gr.

Undanþága

1. Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skulu skrifstofur aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, í samræmi við 2. gr. tilskipunar 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 veita gagnkvæmt samþykki sitt fyrir þessum innri reglugerðum með marghliða samningi, en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákveður upphafsdagsetningu hans í samvinnu við ráð landsskrifstofanna.
2. Skrifstofum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að taka þátt í þessum marghliða samningi enda virði þær allar skuldbindingar sem þar til bær nefnd setur sem viðurkennd er í stofnskrá ráðs landsskrifstofanna.

V. ÞÁTTUR

MÁLSMEDFERÐ VEGNA BREYTINGA Á INNRI REGLUGERÐUNUM (LÖGBODIN ÁKVÆÐI)*18. gr.***Málsmeðferð**

1. Aðalfundur ráðs landsskrifstofunnar er einn bær til þess að samþykkja breytingar á þessum reglugerðum.
2. Þrátt fyrir ákvæðið hér að framan:
 - a) er nefndin, sem tilnefnd er í því skyni í stofnskrá ráðs landsskrifstofanna, ein bær til þess að breyta ákvæðunum sem kveðið er á um í III. þætti. Þessi ákvæði eru bindandi fyrir skrifstofurnar sem, þrátt fyrir að eiga ekki aðild að þessari nefnd, hafa kosið að beita III. þætti í samningsbundnum samskiptum sínum við aðrar skrifstofur,
 - b) eru skrifstofur evrópska efnahagssvæðisins einar bærar til þess að gera breytingar á 2. mgr. 4. gr.

VI. ÞÁTTUR

GERÐARDÓMUR (LÖGBODIN ÁKVÆÐI)*19. gr.***Gerðardómsákvæði**

Ágreiningsefni vegna þessara innri reglugerða eða sem tengjast þeim skulu lögð fyrir gerðardóm samkvæmt gildandi gerðardómsreglum nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan verslunarrétt (United Nations Commission on International Trade Law (Uncitral)).

Ráð landsskrifstofanna skal ákveða þóknanir til gerðardómsmanna og endurgreiðanlegan kostnað.

Forseti ráðs landsskrifstofanna ber ábyrgð á tilnefningu gerðardómsmanna en að honum fjarstöddum formaður tilnefninga-nefndarinnar.

Þrír gerðardómsmenn skulu skipa gerðardóminn.

Málsmeðferð fyrir gerðardómi skal fara fram á ensku og frönsku.

VII. ÞÁTTUR

GILDISTAKA (LÖGBODIÐ ÁKVÆÐI)*20. gr.***Gildistaka**

Reglugerðir þessar öðlast gildi 1. júlí 2003. Frá þeim degi koma þær í stað allra samræmdra samninga og marghliða ábyrgðarsamningsins milli skrifstofanna.

VIÐAUKAR

I. viðauki: Tilmæli nr. 5

II. viðauki: Tilskipun frá 24. apríl 1972 (72/166/EBE)

III. viðauki: Fyrirmynd að samningi milli skrifstofanna.

Skrifstofan

aðili að ráði landsskrifstofa

og

Skrifstofan

aðili að ráði landsskrifstofa

Skuldbinda sig hér með til að hlíta lögboðnum ákvæðum hinna alþjóðlegu reglugerða sem aðalfundur ráðs landsskrifstofanna samþykkti 30. maí 2002 sem og valákvæðunum í þætti..... Þessi skuldbinding gildir einnig um allar síðari breytingar á fyrrnefndum innri reglugerðum.

Veita hver annarri hér með gagnkvæma heimild til að samþykkja hvers kyns meðferð dómstóla, sem og utan dómstóla, sem kann að leiða til bótagreiðslna og til að annast sáttagerð um uppgjör tjóna af völdum slysa innan ramma innri reglugerðanna.

Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma. Þó getur hvor undirritunaraðili um sig sagt honum upp með 12 mánaða fyrirvara. Tilkynning um uppsögn skal samtímis afhent hinum samningsaðilanum og aðalritara ráðs landsskrifstofanna.

Undirritunaraðilar eru enn fremur samþykkir því að þessum samningi skuli sjálfkrafa slitið eða hann felldur niður tímabundið ef annar hvor þeirra hættir aðild að ráði landsskrifstofanna eða aðild hans er felld niður um tíma.

Aðalframkvæmdastjóri ráðs landsskrifstofanna tilkynnir undirritunaraðilum þessa samnings um gildistökudag hans eftir að hafa móttekið eintak sem báðir aðilar hafa undirritað.

2. VIÐBÆTUR

SKRÁ YFIR UNÐANÞÁGUR

AUSTURRÍKI

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

BELGÍA

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

SVISS (og LIECHTENSTEIN)

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

KÝPUR

1. Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.
2. Ökutæki sem tilheyra herafla og öðrum starfsmönnum hers og neyðarþjónustu sem falla undir alþjóðasamninga.

TÉKKLAND

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

ÞÝSKALAND

1. Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.
2. Herökutæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

DANMÖRK (og FÆREYJAR)

1. Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.
2. Herökutæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

FRAKKLAND (og MÓNAKÓ)

Herökutæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

FINNLAND

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

HÍÐ SAMEINADA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS (OG BRESKU ERMARSUNDSEYJARNAR, GÍBRALTAR OG MÖN)

Ökutæki NATO sem falla undir ákvæði Lundúnarsamningsins frá 19. júní 1951 og Parísarbókunina frá 28. ágúst 1952.

GRIKKLAND

1. Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út. Gildir vegna slysa sem verða 1. október 1993 eða síðar.
2. Ökutæki sem tilheyra milliríkjastofnunum (græn merki — með áletruninni „CD“ og „ΔΣ“ ásamt skráningarnúmeri).

3. Ökutæki sem tilheyra heraflla og öðrum starfsmönnum hers og neyðarþjónustu NATO (gul merki — með áletuninni „EA“ ásamt skráningarnúmeri).
4. Ökutæki sem tilheyra gríska hernum (merki með áletruninni „ES“).
5. Ökutæki sem tilheyra sameinuðum heraflla í Grikklandi (merki með áletruninni „AFG“).
6. Ökutæki með reynsluakstursmerki (hvít merki — með áletruninni „ΔOK“, að viðbættum fjórum tölustöfum úr skráningarnúmerinu).

UNGERJALAND

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

ÍTALÍA (og LÝÐVELDIÐ SAN MARÍNÓ og PÁFAGARÐUR)

1. Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.
2. Ökutæki sem tilheyra heraflla og öðrum starfsmönnum hers og neyðarþjónustu sem alþjóðasamningar gilda um (eins og til dæmis með skráningarmerkinu „AFI“, svo og alþjóðasamtökum eins og NATO).
3. Ökutæki sem ekki bera skráningarmerki (einkum vélknúin hjól).
4. Landbúnaðarvélur (svo sem landbúnaðardráttarvélur, eftirvagnar þeirra og önnur ökutæki sem hönnuð eru sérstaklega fyrir störf í landbúnaði).

ÍRLAND

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

ÍSLAND

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

LÚXEMBOURG

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

NOREGUR

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

HOLLAND

1. Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út. (Gildir vegna slysa sem verða 1. október 1993 eða síðar).
2. Ökutæki til einkanota sem tilheyra hermönnum í hollenska hernum og fjölskyldum þeirra er hafa aðsetur í Þýskalandi.
3. Ökutæki sem tilheyra hermönnum í þýska hernum sem hafa aðsetur í Hollandi.
4. Ökutæki sem tilheyra einstaklingum sem tengjast höfuðstöðvum sameinaðs heraflla Mið-Evrópu.
5. Þjónustuökutæki heraflla NATO.

PORTÚGAL

1. Landbúnaðarvélur og önnur vélknúin tæki sem samkvæmt portúgölskum lögum þurfa ekki að bera skráningarmerki.
2. Ökutæki sem tilheyra erlendum ríkjum og alþjóðasamtökum sem Portúgal á aðild að: hvít merki — með rauðum tölustöfum á eftir bókstöfunum „CD“ eða „FM“).
3. Ökutæki sem tilheyra portúgalska ríkinu — (svört merki — með hvítum tölustöfum á eftir bókstöfunum „AM“, „AP“, „EP“, „ME“, „MG“ eða „MX“, eftir því hvaða ríkisstofnun á í hlut).

SVÍÐJÓÐ

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

SLÓVAKÍA

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

SLÓVENÍA

Ökutæki með tímabundin skráningarmerki sem hlut eiga að slysi meira en 12 mánuðum eftir að skráningartíminn, eins og hann er sýndur á bráðabirgðaskráningarmerkinu, rennur út.

3. VIÐBÆTUR

FRESTUNARÁKVÆÐI

FRAKKLAND

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. innri reglugerðanna gildir ekki um Bureau Central Français fyrr en frönsku reglugerðarákvæðunum hefur verið breytt þannig að tryggt sé að farið sé að því eða samningur hefur verið undirritaður sem gerir kleift að beita því.

ÍTALÍA

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. innri reglugerðanna gildir ekki um Ufficio Centrale Italiano (UCI) fyrr en gildandi reglugerðarákvæðum í landinu hefur verið breytt í samræmi við gildandi lög Evrópubandalagsins til að tryggja að farið sé að því.

PORTÚGAL

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. innri reglugerðanna gildir ekki um Gabinete Português de Carta Verde fyrr en gildandi reglugerðarákvæðum í landinu hefur verið breytt í samræmi við gildandi lög Evrópubandalagsins til að tryggja að farið sé að því.

SVISS

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. innri reglugerðanna gildir ekki um landsskrifstofu bifreiðatrygginga í Sviss fyrr en gildandi reglugerðarákvæðum í landinu hefur verið breytt í samræmi við gildandi lög Evrópubandalagsins til að tryggja að farið sé að því.
